



Lokaritgerð til BA-gráðu í stjórnmálafræði

Sveitarstjórnarkosningar í Garðabæ

Þróun á fylgi flokka, áhrif sameiningar og reikniaðferð atkvæða

Heiðar Smith

Desember 2019



HÁSKÓLI ÍSLANDS
STJÓRNMÁLAFRÆÐIDEILD

Sveitarstjórnarkosningar í Garðabæ
Þróun á fylgi flokka, áhrif sameiningar og reikniaðferð atkvæða

Heiðar Smith

Lokaritgerð til BA-gráðu í stjórnmálafræði

Leiðbeinandi: Gestur Páll Reynisson

Stjórnmálafræðideild
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands
Desember 2019

Sveitarstjórnarkosningar í Garðabæ

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA-gráðu í stjórnmálafræði.
Óheimilt er að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Heiðar Smith, 2019
kt. 1609883559

Reykjavík, Ísland, 2019

Útdráttur

Sjálfstæðisflokkurinn hefur haldið meirihluta í sveitarstjórn Garðabæjar um áratugaraðir. Þetta skýrist af þó nokkrum þáttum, en ritgerðin athugar helst hvernig minni framboðin hafa hagað sínum málum í gegnum tíðina, sem og að athuga hvernig reikniregla kosninganna hefur sett svip sinn á stjórn málasögu og stjórn málalandslag Garðabæjar. Niðurstaða ritgerðar er sú að minni framboðin hafa lítið hagnast á sameiginlegum framboðum gegn ríkjandi meirihluta Sjálfstæðisflokksins, þó tilraunir þeirra hafi verið fyrirsjáanlegar ef marka má inntak skynsemiskenningarinnar. Rannsókn höfundar gaf einnig til kynna að D'Hondt reiknireglan hygji vissulega Sjálfstæðisflokknum, bitni töluvert á minni framboðum og sé vissulega stór þáttur í því hvers vegna minni framboð hafa oftar en ekki átt erfitt með árangur í kosningum í Garðabæ.

Formáli

Ritgerð þessi er lokaverkefni mitt til BA-gráðu frá Stjórn málafræðideild Háskóla Íslands. Ég hóf nám þar árið 2015 og hefur þessi tími verið mér afar ánægjulegur, hef ég kynnst mikið af frábærum nemendum sem og kennurum við þessa deild. Langar mig að þakka leiðbeinandanum mínum honum Gesti Páli Reynissyni fyrir að hafa tekið mig að sér í þessu verkefni og aðstoðað mig við að gera þessa ritgerð að veruleika samstarf okkar var mjög gott og skemmtilegt. Langar mig að þakka föður mínum Magnúsi J. Smith fyrir að aðstoða mig við heimildaöflun og yfirllestur á ritgerð þessari. Einnig langar mig að þakka fyrrum samnemenda mínum Steinunni Ásu Sigurðardóttir fyrir prófarkalestur og aðstoð við uppsetningu heimildarskrár ritgerðarinnar.

Efnisyfirlit

Útdráttur.....	5
Formáli.....	6
1 Inngangur	8
2 Rannsóknarspurningar og markmið.....	9
3 Fræðileg umfjöllun	11
3.1 Skynsemiskenningin.....	11
3.2 Reikniaðferð sem notuð er við úthlutun sæta.....	14
3.2.1 D'Hondt reikniaðferðin.....	14
3.2.2 Sainte-Laguë reikniaðferðin	16
4 Kosningar: Sveitarstjórnarkosningar og úrslit 1966–2018	18
4.1 Stutt ágríp af stjórn málasögu Garðabæjar.	18
4.1.1 Kosningar 1966, 1970, 1974 og 1978	19
4.1.2 Kosningar 1982, 1986, 1990 og 1994	23
4.1.3 Kosningar 1998, 2002, 2006 og 2010	25
4.1.4 Kosningar 2014 og 2018	28
4.1.5 Niðurstöður	30
4.2 Samanburður á ólíkum útreikningum reiknireglna	31
5 Samantekt og umræða	38
Heimildaskrá	40

1 Inngangur

Í þessari ritgerð verður til skoðunar hvort sveitarstjórnarkosningar í Garðabæ hafi haft í för með sér ójafnari dreifingu en ella vegna þeirrar reikniaðferðar sem beitt er við úthlutun sæta í sveitarstjórnarkosningum hverju sinni. Nánar tiltekið er átt við hvort úthlutun sæta hefði farið fram með öðrum hætti ef reikniaðferð Sainte-Laguë hefði verið beitt í stað reikniaðferðar D'Hondt. Jafnframt verður markmið höfundar að skoða hvernig minni framboð í sveitarfélaginu hafa staðið að sínum framboðum í því skyni að koma ráðandi meirihluta Sjálfstæðisflokksins frá völdum. Stærsti hluti ritgerðar mun fer í að lýsa stjórn málasögu Garðabæjar í stuttu máli og skýra frá helstu niðurstöðum kosninga og skýra helstu breytingar milli kosninga.

Að því loknu mun höfundur bera saman kosningarnar og útlista hverjar niðurstöðurnar hefðu orðið ef annarri reikniaðferð hefði verið beitt en þeirri sem beitt hefur verið frá upphafi kosninganna. Í lokin mun höfundur svo segja frá niðurstöðum sínum og tengja þær við fyrri umfjöllun ritgerðarinnar og mun hann einnig reyna að setja þær í samhengi við fræðilegan ramma ritgerðar, sem þó verður einungis til hliðsjónar og verður því ekki afgerandi þáttur í ritgerðinni eða niðurstöðum hennar. Í niðurstöðum sínum mun höfundur fyrst og fremst einblína á tvær rannsóknarspurningar sem verða hafðar að leiðarljósi, en rannsóknarspurningarnar og markmið þeirra verða nánar kynntar í næsta kafla ritgerðar.

2 Rannsóknarspurningar og markmið

Eins og fram hefur komið mun höfundur fjalla um sveitarstjórnarkosningar í Garðabæ frá því að fyrst var kosið í sveitarfélaginu og fram til nýjustu kosninga sem þessi ritgerð getur vísað til, en þá verður sérstök áhersla lögð á kosningarnar frá árinu 1978 til ársins 2018, eða frá fyrstu kosningum eftir að sveitarfélagið hlaut kaupstaðarréttindi og fram til síðustu kosninga. Þótt staðbundin stjórnámál í sveitarfélaginu hafi einkennst af mikilli einsleitni þegar kemur að valdahlutföllum og fylgi stjórnámálaflokka, einkum sé litið til Sjálfstæðisflokksins, þá vill höfundur samt sem áður leitast við að fá ítarlegra skýringargildi á stjórnámálalegt atferli og þau áhrif sem aðstæður hafa haft á stjórnálamenninguna. Í þessu sambandi setur hann fram tvær rannsóknarspurningar.

Fyrri spurningin skoðar tilraunir minnihlutaafllanna í sveitarfélaginu til að hnekkja á margra ára valdatíð Sjálfstæðisflokksins í sveitarfélaginu Garðabæ. Höfundur mun leitast við að fjalla um og greina hvernig önnur stjórnámálaöfl en Sjálfstæðisflokkurinn hafa háttað sínum framboðum í sveitarstjórnarkosningum á umræddu tímabili. Spurningin er sem hér segir:

1. *Hvernig hafa minnihlutaflökkarnir í Garðabæ staðið að sínum framboðum til sveitarstjórnar í sveitarfélaginu á umræddu tímabili, eða frá fyrstu kosningum til nýjustu kosninga, en einkum frá árinu 1978 til ársins 2018?*

Eins og fjallað er um í næsta kafla þessarar ritgerðar eru til ólíkar útfærslur á útreikningi hlutfallskosninga. Annars vegar ber að nefna D'Hondt reikniregluna og hins vegar ber að nefna Sainte-Laguë reikniregluna. Meginmunurinn milli þeirra lýtur að stöðu minni framboða, en eins og fjallað verður síðar um hefur D'Hondt reglan verið gagnrýnd fyrir að hygla stærri framboðum á kostnað hinna minni. Í jafn einsleitu stjórnámálalegu landslagi og í sveitarstjórn Garðabæjar má ætla að yfirburðir Sjálfstæðisflokksins hafi jafnvel eflst enn frekar fyrir tilstuðlan ríkjandi kerfis, eða nánar tiltekið undir því kerfi þar sem D'Hondt reiknireglunni er beitt við úthlutun sæta.

Í seinni rannsóknarspurningu verður athugað hver áhrif reiknireglunnar hafa verið í gegnum tíðina, það er hvernig D'Hondt reiknireglan hefur haft áhrif á úthlutun sæta í sveitarstjórnarkosningum í Garðabæ. Þar ætlar höfundur að athuga með hvaða hætti og hvernig sveitarstjórnarsætum hefði verið úthlutað í Garðabæ hefði Sainte-Laguë reikni-aðferðinni verið beitt við úthlutun sæta. Síðari rannsóknarspurning hljómar því þannig:

2. *Hefði beiting Sainte-Laguë reiknireglunnar haft áhrif á sætaskipan í sveitarstjórn Garðabæjar á umræddu tímabili, eða frá fyrstu kosningum til þeirra síðustu, en einkum frá árinu 1978 til ársins 2018?*

Í næsta kafla verður fræðilegur rammi kynntur til hliðsjónar við rannsóknarefnið og reiknireglunum umræddu gerð nánari skil áður en gerð verður tilraun til að útfæra þær á niðurstöður framangreindra kosninga.

3 Fræðileg umfjöllun

Við rannsóknir á kosningum hafa fræðimenn ekki sótt í djúpan brunn kenninga þar sem nálgunin er í eðli sínu meginleg og hvílir á tölfræðigrunni í stað kenningarlegra forsenda félagsvísinda. Þrátt fyrir það má skýra að hluta atferli stjórn málafla í kosningum á grunni skynsemiskenningarinnar (e. rational choice theory). Þessu til viðbótar mun höfundur gera tveimur mismunandi reiknireglum við framkvæmd hlutfallskosninga skil og mun síðar í þessu verki láta á það reyna hvort önnur aðferð en D'Hondt reikniaðferðin, þ.e.a.s. Sainte-Laguë aðferðin, hefði breytt niðurstöðum kosninga í Garðabæ er kemur að úthlutun sæta.

3.1 Skynsemiskenningin

Skynsemiskenninguna (e. rational choice theory) má að hluta til nota við greiningu á framboðum, kosningaatferli og úrslitum kosninga.

Kenningin grundvallast á þeirri sýn að hegðun mannsins mótist af einhvers konar kostnaðar- og ábatagreiningu þar sem hann rýnir í aðstæður og tekur ákvörðun út frá því hvað komi honum best og hvað tryggi hans hagsmuni best. Kenning þessi gefur sér þá grunnforsendu að maðurinn sé skynsamur og taki ávallt þær ákvarðanir sem bestar eru fyrir hann hverju sinni. Hún gefur sér líka þá forsendu að maðurinn hafi um eitthvað að velja og á grundvelli skynsemi sinnar átti hann sig á því hvaða afleiðingar valið muni hafa. Til að mynda geti hér verið um tvær ákvarðanir að ræða þar sem ein ákvörðunin grundvallast á samvinnu, þar sem einstaklingurinn hámarkar eigin hag í gegnum samvinnu við aðra, en hin ákvörðunin grundvallast á samkeppni, þar sem einstaklingurinn telur að hann geti hámarkað hag sinn best með því að vinna gegn öðrum og keppast við aðra (Amdae 2017).

Í samhengi við stjórn málafræðina gefur kenningin sér meðal annars þá forsendu að kjósandinn sé upplýstur um stöðu sína og að hann kjósi og hegði sér á þann hátt sem komi til með að hagnast honum og samfélaginu sem best. En skýringargildi hennar er til dæmis það að minni flokkar og smærri framboð, sem ólíkleg eru til þess að ná langt í kosningum, hópi sig saman og sameinist í stærra framboð og sameinist í útbreiddari fylkingu til þess að hámarka árangur í kosningum og til að hámarka gildi greiddra atkvæða. Í þessu skyni mætti horfa til leikjafræðinnar (e. game theory) og kynna til sögunnar hið svonefnda vandamál fangans, eða valþröng fangans (e. prisoners dilemma).

Í stystu máli sagt lýsir það aðstæðum þar sem tveir einstaklingar, eða nánar sagt tveir fangar eins og í dæminu um valþröng fangans, geta valið milli þess að svíkja hvor annan eða að vinna saman. Það á að hjálpa til við að skýra hvenær við veljum að keppast að og hvenær við veljum að starfa saman að sameiginlegu markmiði, ásamt því að skýra hvers vegna við kjósum að gera svo við tiltekna aðstæður, án þess að gera það við aðrar aðstæður. Oftar en ekki er skýrt að einstaklingurinn kjósi að vinna með öðrum þegar áhættan er of mikil og þegar ávinningurinn af því að keppast að er ekki nægilegur til að réttlæta samkeppnina, eða með öðrum orðum þegar ávinningur af því að vinna saman getur verið meiri en ávinningurinn af því að starfa ekki saman (Mankiw og Taylor 2008).

Leikjafræðin sem slík álitur, líkt og skynsemiskenningin sjálf, að sérhver einstaklingur taki rökrétta ákvörðun sem byggist á eigin hagsmunum (Brams og Davis 2019). Kenningin um ógöngur fangans telur raunar að skynsamlegra sé að svíkja, þar sem ávinningurinn geti verið meiri, en helsti ókostur kenningarinnar er sú staðreynd að manneskjur velja oftar en ekki að vinna saman, frekar en að svíkja og keppast að. Það gefur til kynna að manneskjan sé fremur áhættufælin og reyni frekar að stefna að minni ávinning, en í senn öruggari útkomu. Með því að heimfæra þessa sýn á atferli kjósenda og sameiningu framboða í aðdraganda kosninga, þá má koma fram með ýmsar getgátur.

Til að mynda geti það skýrt hvers vegna kjósendur eigi stundum erfitt með að kjósa nýja og róttæka flokka, en halda sig gjarnan við eldri flokka sem kjósendurnir hafa reynslu af, en öryggið felst þar í ákveðnum fyrirsjáanleika. Hér mætti hugsa sér sveitarfélag, líkt og Garðabæ, þar sem ríkjandi meirihluti hefur haldið völdum frá upphafi sveitarstjórnarkosninga í seinni tíð. Jafnframt mætti hugsa sér hvort þetta spái réttilega fyrir um hvernig minni framboð hegða sér og skipuleggja sínar kosningabaráttur, ekki síst þegar þau hafa tapað gegn ríkjandi meirihluta svo oft, eins og raun ber vitni í sveitarfélagi eins og Garðabæ. Þetta kann að skýra hvers vegna minni framboð ákveða svo að sameinast og reyna að stefna að sameiginlegu markmiði í gegnum sameiginlegt átak, samvinnu og í krafti fjöldans. Þetta eru þó mestmegnis getgátur, sem erfitt er að sanna með eins nákvæmum hætti og aðferðafræði vísinda gera kröfur um.

Eins og fram kom í inngangi háir það kosningarannsóknnum að beiting hefðbundinna kenninga innan stjórnmálafræðinnar er takmörkuð. Jafnframt verður að taka það fram að skýringar- og beitingargildi skynsemiskenningarinnar er háð skýrum takmörkunum. Sem

dæmi má nefna að skv. kenningunni þarf hinn venjulegi kjósendi að eyða töluverðum tíma og björgum til að taka upplýsta og þar af leiðandi skynsama ákvörðun í kjörklefanum. Margir fylgismenn sem og gagnrýnendur kenningarinnar hafa bent á að þessi fórnarkostnaður sé of hár og það sé í raun skynsamara að kjósa ekki. Reynslan sýni að eitt atkvæði ríður sjaldnast baggamuninn. Mótsögnin sem felst í þessari staðhæfingu er hins vegar sú að samkvæmt henni ættu langflestir, eða að minnsta kosti þeir, sem þurfa of mikinn tíma til að taka framangreinda upplýstu ákvörðun, að sitja heima í stað þess að mæta á kjörstað. Að mati höfundar er óþarft að fjölyrða um að afleiðing þess stríðir jafnt gegn meginmarkmiðum og ávinningi lýðræðis auk þess að hafa í för með sér neikvæðar afleiðingar. Þessi mótsögn í kenningunni setur skýringargildi hennar skýr takmörk.

Ekki er óalgennt að minni framboð sameinist í aðdraganda kosninga til að ná auknu fylgi úr ólíku baklandi framboðanna og úr ólíkum áttum samfélagsins., Þetta virðist einkum algengt í sveitarstjórnarkosningum þar sem nokkuð fá sæti standa til boða hverju sinni, sem kann að gera minni framboðunum erfiðara fyrir en ella að ná tilætluðum árangri vegna þess hve þröskuldurinn verður hár. Í gegnum tíðina hafa því ófá framboð litið dagsins ljós þar sem markmið þeirra hefur verið það að koma ráðandi meirihluta sveitarstjórnar frá völdum. Þetta eru að ákveðnu leyti fyrirsjáanleg viðbrögð minni framboðanna þar sem þau sjá ekki fram á að ná fulltrúa, líkt og fyrr segir, vegna þess hvernig D'Hondt reiknireglan og þröskuldur hennar hyglir stærri framboðum á kostnað hinna smærri.

Fróðlegt og forvitnilegt væri að meta þessa þróun, sem og aðferðafræði framboðanna og tilraunir þeirra til að komast til valda með þessum hætti, út frá skynsemikenningunni áðurnefndu. Samkvæmt henni væru framboðin að hámarka möguleika sína á að fá kjörna fulltrúa og hámarka gildi atkvæða sinna með sameiginlegu framboði og átaki. Nýlegt dæmi um sameiginlegt átak af þessu tagi er sameiginlegt framboð G-listans, eða Garðabæjarlistans í Garðabæ, sem samanstóð af framboði Vinstri grænna, Bjartrar framtíðar, Viðreisnar, Pírata og óháðra. Þetta sameinlega framboð skilaði G-listanum þremur bæjarfulltrúum, en til samanburðar hlaut framboðið ríflega 28% atkvæða í sveitarstjórnarkosningunum í Garðabæ árið 2018 (Kosningasaga Garðabæ 2018). Það mætti velta því fyrir sér hver árangur þessara flokka hefði orðið hefðu þeir boðið fram sitt

í hvoru lagi því að í þessum kosningum buðu einnig fram Miðflokkurinn og Framsóknarflokkurinn sem hvorugir komu manni inn (Kosningasaga Garðabær 2018).

3.2 Reikniaðferð sem notuð er við úthlutun sæta

Sú reikniaðferð sem hefur verið notast við til þess að reikna út úthlutun sæta í sveitarstjórnarkosningum á Íslandi er nefnd í höfuðið á belgíska lögfræðingnum Victor D'Hondt, en í gegnum tíðina hefur oft og iðulega sprottið upp sú umræða um nauðsyn þess að breyta reikniaðferðinni sem beitt er þegar sætum í sveitarstjórnir sveitarfélaga er úthlutað. D'Hondt reglan telst til algengustu reiknireglna í hlutfallskosningunum en hún er örlítið frábrugðin öðrum mögulegum útfærslum. Að öðrum kosti mætti beita Sainte-Laguë reikniaðferðinni til þess að úthluta sætum í sveitarstjórnir. Höfundur mun nú segja frá þessum reikniaðferðum og rekja rætur aftur til upphafs þeirra, sem og að lýsa þróun þeirra og beitingu í gegnum tímans rás. Verður þetta gert til að geta lagt betra mat á reikniaðferðirnar þegar niðurstöður sveitarstjórnarkosninga verða endurreiknaðar í því skyni að sýna fram á það hvort mikill munur sé á niðurstöðum útreikninga með tilliti til niðurstaðna kosninga og úthlutun sæta í sveitarstjórn Garðabæjar.

3.2.1 D'Hondt reikniaðferðin

D'Hondt reikniaðferðin er reikniregla sem nefnd er eftir höfundi reglunnar, eða hinum belgíska Victor D'Hondt. Á yngri árum lagði hann stund á laganám og kenndi við háskólann í Ghent í Belgíu, en sömuleiðis var hann stærðfræðingur og lét sig jafnvel stjórnsmál varða á eldri árum. Þegar hann var vel kominn á fertugsaldur og var að nálgast fimmtudagsaldur kynnti hann til sögunnar ákveðna reikniaðferð til að úthluta sætum í hlutfallskosningum, en á þeim tíma voru æ fleiri ríki að tileinka sér lýðræðislega stjórnarhætti og opna fyrir frjálssar kosningar. Aðferðin átti að gera hvort tveggja í senn, að jafna dreifingu og úthluta viðeigandi sætum til kjörinna fulltrúa með eins auðveldum hætti og unnt er, án þess þó að víkja of langt frá vilja kjósenda. Þessari aðferð er nú beitt í fjölmörgum ólíkum ríkjum, þó hún hafi fyrst litið dagsins ljós í Belgíu, en meðal þeirra ríkja eru Japan, Tyrkland og Ísrael, sem og þó nokkur ríki Rómönsku Ameríku, svo sem Síle, Kólumbía og Argentína, svo og Evrópuríkin Sviss, Spánn og Holland, og síðast en ekki síst er aðferðinni beitt í Norðurlandarákjumum Finnlandi og Íslandi.

Því er ljóst að útbreiðsla aðferðarinnar hefur verið þó nokkur, en þrátt fyrir það hafa umræður um lýðræðislegt gildi hennar og notagildi innan stjórnsmála verið áberandi öðru

hvoru, ekki síst hér á Íslandi. Gagnrýnendur aðferðarinnar nefna að hún hafi tilhneigingu til að víkja frá raunverulegum vilja kjósenda með þeim hætti að hún verðlaunar stærrí framboðum um of á kostnað minni framboða, sem skekki valdadreifinguna og úthlutar sætum með óréttlátari og ónákvæmari hætti en ella. Fyrir vikið getur það verið smærri framboð ansi erfitt að komast til valda og gera sig gildandi á sviði stjórn mála þar sem reiknireglan vinnur beinlínis gegn smærri framboðunum en hyglir stærrí framboðunum (Eulau, Webb ofl. 2015). Til að mynda geti það gerst að verði dreifing atkvæða of mikil, þá geti stórt framboð fengið hreinan meirihluta án þess að hafa hreinan meirihluta atkvæða, en einmitt þannig getur aðferðin verið hagfelld stórum flokkum en óhagfelld smærri flokkum.

Í sem stystu máli sagt má lýsa aðferðinni á þann hátt að hún er deiliregla sem útfærist þannig að deilt er í atkvæðatölu hvers framboðs eða hvers lista með röð deilitalna. Síðar er þeim niðurstöðum skipað í stærðarröð þar sem sætum er úthlutað til hæstu deilda, en sætunum er svo úthlutað koll af kolli þar til komið er að lægstu deildum (Landskjörstjórn, Úthlutun sæta í almennum kosningum). Fjöldi deilda tekur þar mið af fjölda sæta sem skal úthluta hverju sinni. Þegar tiltölulega fá sæti standa til boða er enn líklegra að ójafnræði myndist við þessa reikniaðferð, þar sem stærðarröðin getur verið mjög hagstæð stærrí listum og framboðum. Í einföldu máli mætti lýsa því ferli þannig að stærsta framboðið fái fyrsta sætið í stærðarröðinni, en koll af kolli bætist alltaf einn í deilingu heildar atkvæða næstu lista sem flokkast eftir stærðargráðu, eða atkvæðamagni, þar sem framboðið með næst hæstan fjölda atkvæða kemur næst, en síðar það framboð sem þar kemur á eftir og svo framvegis þar til að öllum sætum hefur verið úthlutað og tekið hefur verið tillit til allra greiddra atkvæða. Eðli málsins samkvæmt verður ávallt þó nokkur þröskuldur til staðar sem merkir að atkvæði greidd minni framboðum, sem ekki komast inn, falla niður og gefa þannig atkvæðum til stærrí framboða aukið vægi.

Aðferðin er ein nokkurra sem hægt er að beita til að reikna úthlutun sæta, en af þeim er hún líklegast sú umdeildasta, einkum vegna þess hve ójöfn dreifingin verður þegar henni er beitt. Til að mynda má benda á að reiknireglan hafi skilað tilteknum framboðum hreinum meirihluta í nokkrum sveitarfélögum sveitarstjórnarkosningarnar árið 2014 á meðan aðrar reiknireglur hefðu ekki skilað sömu niðurstöðum – og hefðu þar af leiðandi ekki skilað hreinum meirihluta. Til að mynda skilaði reglan sjálfstæðismönnum hreinum

meirihluta á Akranesi og skilaði Ísafjarðarlistanum á Ísafirði hreinum meirihluta, þrátt fyrir að framboðin hefðu ekki meirihluta atkvæða á bak við sig (Randver Kári Randversson 2014). Þess vegna er ekki síður áhugavert að bera saman ólíkar niðurstöður reiknireglna í sveitarfélagi þar sem sterk hefð hefur verið fyrir því að kjósendur greiði stærsta framboðinu atkvæði sitt, svo sem í Garðabæ. Ásamt D'Hondt aðferðinni er Sainte-Laguë reikniaðferðin nokkuð algeng aðferð til að reikna niðurstöður hlutfallskosninga og úthluta sætum samkvæmt þeim.

3.2.2 Sainte-Laguë reikniaðferðin

Sainte-Laguë reikniaðferðin er algeng reikniregla sem er oftast nefnd sem annar kostur í stað D'Hondt reiknireglunnar, en eins og fyrr segir á reiknireglan að úthluta sætum í samræmi við niðurstöður hlutfallskosninga, eða jafnvel með nákvæmari hætti en D'Hondt reiknireglan gerir. Hugsanlegt væri að Sainte-Laguë reiknireglunni tækist að koma til móts við óánægjuraddir og gagnrýni vegna beitingar D'Hondt reglunnar, þar sem líklegast yrði hin fyrrnefnda regla minna umdeild en síðarnefnda reglan, einkum vegna þess hversu vel henni tækist að úthluta í samræmi við raunverulegar niðurstöður kosninga og þar af leiðandi í samræmi við raunverulegan vilja kjósenda.

Aðferðin er nefnd í höfuðið á frönskum stærðfræðingi, André Sainte-Laguë, sem kynnti reikniregluna í greinaskrifum sínum árið 1910, en raunar hafði sama reikniregla litið dagsins ljós um miðbik 19. aldar þegar þingmaður bandarísku öldungadeildarinnar kynnti hana fyrst til sögunnar. Reikniaðferðin er því einnig nefnd í höfuðið á Webster, en það þekkist einkum vestanhafs á meðan reglan er kennd við Sainte-Laguë í Evrópu. Frá því að reglan var fyrst kynnt í Evrópu hefur hún náð þó nokkurri útbreiðslu innan álfunnar, en reglunni er beitt í ríkjum á borð við Bosníu og Hersegóvínu, Lettland, Noreg, Svíþjóð og í þingkosningum fyrir Sambandsþingið í Þýskalandi (Taagepera 2007, 23-47).

Sainte-Laguë reiknireglan er þannig útfærð að oddatölurnar 1, 3, 5 og svo framvegis eru deilitölur, á meðan röð heiltalna 1, 2, 3 og svo framvegis væri til dæmis deilitölurnar í deilireglu D'Hondt. Þar liggur munurinn milli þeirra tveggja fyrst og fremst, en auðvitað skilar mismunandi aðferðafræði einnig ólíkum niðurstöðum. Að ákveðnu leyti er Sainte-Laguë reglan ekki eins tölfræðilega ónákvæm og D'Hondt reglan kann að virðast. Fyrrnefnda regla skapar niðurstöðu þar sem meðalskipting sæta milli framboða er í nær fullkomnu samræmi við meðalskiptingu fyrirbyggjandi atkvæða. Þrátt fyrir að virðast í alla

staði nákvæmari og sanngjarnari en D'Hondt reglan, þá er Sainte-Laguë langt frá því að vera fullkomin sjálf. Til að mynda mætti benda á að líklegri er að framboð með meirihluta atkvæða fái ekki meirihluta sæta, en þannig er hún í öfugu sambandi við D'Hondt reikniregluna sem gjarnan skilar framboðum meirihluta sæta jafnvel þó þau hafi ekki meirihluta atkvæðanna á bak við sig (Þorkell Helgason 2014, 14-17).

Kostir reglunnar felast þó í því að hún getur hentað betur við ákveðnar aðstæður, eins og þegar tiltölulega fá sæti standa til boða til úthlutunar, en þar er D'Hondt reiknireglan þekkt fyrir að skila enn ónákvæmari niðurstöðum heldur en þegar fleiri sæti standa til boða (Ólafur Harðarson og Indriði Indriðason 2005, 5-26). Aftur á móti er ljóst að reglan getur allt eins hentað illa þegar fleiri sæti standa til boða, en þar gæti D'Hondt reglan hentað betur. Í kafla 4 eru reiknireglurnar bornar saman út frá niðurstöðum kosninga í Garðabæ, en markmiðið er að bera saman ólíkar niðurstöður þeirra og meta hvort þær komi heim og saman við þessa fræðilegu umfjöllun. Einkum verður það gert til að meta hvort áhrifin komi jafnvel enn skýrar fram í sveitarfélagi eins og í Garðabæ, þar sem stjórnámálalandslagið virðist tiltölulega einsleitt og þar sem tiltölulega fá sveitarstjórnarsæti standa til boða hverju sinni, sem kann þá að skekkja ónákvæma úthlutun enn frekar enn ella.

Til viðbótar við þá rannsókn ætlar höfundur líka að athuga hvernig minni framboð hafa skipulagt sínar tilraunir til að komast til valda, eins og með sameiningu eða sameiginlegu átaki í aðdraganda kosninga, en til hin áðurnefnda skynsemiskenning verður þar höfð til hliðsjónar til að meta tilraunir flokkanna til að ná völdum. Að því loknu ættu að liggja fyrir niðurstöður sem svara tveimur rannsóknarspurningum, eða þá spurningu sem snýr að reiknireglunum og ólíkum úthlutunum og niðurstöðum þeirra, sem og þá spurningu sem snýr að minni framboðunum og tilraunum þeirra til að sigra sveitarstjórnarkosningarnar og komast til valda.

4 Kosningar: Sveitarstjórnarkosningar og úrslit 1966–2018

Í þessum kafla verður stiklað á stóru í sögu Garðabæjar. Sagt verður frá því þegar Garðahreppur var og hét á sjötta áratug síðustu aldar, en sömuleiðis verður mjög stuttlega sagt frá byggðamálum og kosningum til hreppsnefndar fyrstu árin áður en stærri stjórnmalasamtök fóru að gera sig gildandi. Í raun hefst almennileg umfjöllun ekki fyrr en árið 1966 þegar stjórnmalasamtökin hófu fyrst að keppast um atkvæðin af fullri alvöru. Sagt verður frá stjórnmalunum og kosningunum innan hreppsins frá því ári og fram til ársins 1978 þegar fyrstu kosningarnar eiga sér stað eftir að Garðabær hafði hlotið kaupstaðarréttindi með lögum frá Alþingi. Áhersla verður lögð á tímabilið frá kosningunum árið 1978 og fram til nýjustu kosninganna árið 2018. Fjallað verður stuttlega um hverjar kosningar fyrir sig og rýnt í helstu niðurstöður, auk þess sem sagt verður frá helstu breytingum milli kosninga.

4.1 Stutt ágríp af stjórnmalasögu Garðabæjar.

Garðabær er eitt fjölmennasta sveitarfélag Íslands og er staðsett á höfuðborgarsvæðinu á suðvesturhorni landsins. Raunar mætti segja að Garðabær samanstandi af tveimur bæjum. Árið 2013 var samþykkt að sveitarfélagið Álftanes skyldi sameinast Garðabæ og að sameinað sveitarfélag skyldi heita Garðabær (Stjórnarráðið 2012).

Þetta þykir nokkuð athyglisverð þróun í ljósi þess að Garðabær var upphaflega hluti af Álftaneshreppi hinum forna sem náði frá Kúagerði í suðri til til Kópavogs í norðri ásamt að því að eiga víðfemt svæði til fjalla. Árið 1878 var Álftaneshreppi skipt upp í Garðahrepp og Bessastaðahrepp. Árið 1908 var Hafnarfjörður klofinn frá Garðahreppi og veitt kaupstaðarréttindi. Þarna var Garðahreppur orðinn fámennur sveitahreppur og var svo allt fram á miðja tuttugustu öld að þéttbýli tók að myndast (Steinar J. Lúðvíksson 2015a, 12).

Í hreppsnefndarkosningum árið 1958 náði kjöri fólk sem telja mátti fulltrúa hinna nýju þéttbýliskjarna eða bæjarhverfa. Sömuleiðis kom þá fyrsta konan í hreppsnefnd, Sigríður Johnsen úr Hraunholtshverfi. Á þessum árum höfðu ekki enn myndast skýrar átakalínur í stjórnmalum hreppsins og fólk var því valið í hreppsnefnd fyrst og fremst eftir álit og ásýnd, þar sem það fólk hlaut kjör sem best var álitid til forystu fallið, en sá siður hafði verið viðhafður árum saman. Ekki var mikið um ágreining innan stjórnmalanna og málefni voru því unnin að mestu leyti í sátt. Þegar byggð fór svo að þéttast og þegar búsettum fór

að fjölga komu fram auknar kröfur um þjónustu. Voru verkefni hreppsnefndar orðin svo tímafrek að lokum að ekki var talið annað fært en að ráða bæjarstjóra til starfa. Hreppsnefndin var sammála um að ráða Þórð Reykdal sem fyrsta bæjarstjóran.

Vorið 1962 voru kosningar til sveitarstjórna. Á boðstólum voru tvö nýstofnuð stjórnmalasamtök og í fyrstu var ákveðið að stilla upp listum beggja, en niðurstaðan varð á endanum sú að eingöngu einn þeirra bauð sig fram þetta árið, en sá listi var skipaður þeim kjörnu fulltrúum sem áður höfðu setið í hreppsnefnd. Á næstu árum, eða frá 1962 til 1966, varð mikil fjölgun íbúa í hreppnum, en íbúafjöldinn tvöfaldaðist á þessum árum. Garðahreppur var fyrir vikið orðinn þriðji stærsti hreppur landsins með 2.059 íbúa.

4.1.1 Kosningar 1966, 1970, 1974 og 1978

Þrátt fyrir að samstarf í hreppsnefnd hafi verið gott og lítill sem enginn ágreiningur meðal kjörinna fulltrúa, þá var þó ekki komist hjá því að ólíkir flokkar kepptust um atkvæðin í aðdraganda kosninganna 1966. Það ár, nánar til tekið þann 22. maí voru listar Sjálfstæðisflokks, Framsóknarflokks, Alþýðuflokks og Alþýðubandalags í framboði. Þarna renndu menn frekar blint í sjóinn og ekki var hægt að draga ályktun fyrir fram um hvernig kosningarnar færu, þar sem ekki voru málefnaleg átök og kosningabaráttan var fremur stutt og átakalítill í alla staði.

Þó voru settar upp skrifstofur flokkana og hefðbundin kosningabarátta var háð. Helstu baráttumálin voru þá skóla- og skipulagsmál hreppsins. Fyrsti maður á lista Alþýðubandalags, Hallgrímur Sæmundsson kennari og settur skólastjóri barnaskólans, gagnrýndi stöðu skólamála, en mikil fjölgun barna hafði verið raunin í kjölfar fjölgunar ungs barnafólks og samhliða fjölgun íbúðarhúsa. Barnaskólinn var tvísetinn og í tveimur yngstu bekkjardeildum jafnvel þrjúsetinn. Áform voru uppi um að setja gagnfræðastigið í leiguhúsnæði, en þau áform gagnrýndi Hallgrímur ákaflega. Samgöngumál voru Hallgrími einnig hugleikin, enda voru samgöngur innan hreppsins litlar sem engar og því urðu menn að ganga frá Hafnarfjarðarvegi upp í byggðina sem á þessum tíma var að teygja sig langleiðina að Vífilsstöðum (Hallgrímur Sæmundsson 1966, 6-9). Vaxtarverkir voru þó ekki eingöngu bundnir við skóla, íþróttamannvirki og samgöngur. Engar verslanir voru í bænum að einni smáverslun frátaldri. Þetta vandamál höfðu menn þó leyst með sendingum kjörbúðarbílanna frá Kaupfélagi Hafnarfjarðar (Tíminn 1966, 9).

Niðurstaða kosninganna ársins 1966 voru þær að Sjálfstæðisflokkur fékk 388 atkvæði eða 48,9% atkvæðanna og fékk því þrjá menn kjörna. Framsóknarflokkur hlaut 152 atkvæði eða 19.1% atkvæðanna og fékk því einn mann kjörinn. Alþýðuflokkurinn hlaut 129 atkvæði eða 16.2% atkvæðanna og fékk því einn mann kjörinn sömuleiðis. Að lokum hlaut Alþýðubandalagið ekki nema 97 atkvæði og náði því ekki kjörnum fulltrúa í hreppsnefnd, en heildaratkvæði voru 793 talsins. Hreppsnefndarfulltrúar að loknum kosninga voru Sveinn Rafn Eiðsson fyrir Alþýðuflokk, Björn Konráðsson fyrir Framsóknarflokk, Einar Halldórsson, Ólafur G. Einarsson og Sveinn Ólafsson fyrir Sjálfstæðisflokk (Steinar J. Lúðvíksson 2015a, 149-151). Kjörsókn var mjög mikil, með því hærra sem þekktist á landinu, eða 91,2% (Kosningasaga Garðahreppur 1966). Segja má að þarna hafi línurnar verið lagðar fyrir það sem koma skyldi.

Sjálfstæðisflokkur með meirihluta fulltrúa í hinu nýja vaxandi sveitarfélagi þar sem ekki var eingöngu íbúðarhúsnæði heldur einnig mikil atvinnustarfsemi sem sett var á laggirnar af framtakssömum athafnamönnum sem sáu möguleika á nýtingu landgæða sem nóg var af. Má þar helst nefna Stálvík skipasmíðastöð sem stofnuð var í september árið 1960 (Tímarit iðnaðarmanna 1963, 58) og var um 200 manna vinnustaður þegar best lét. Einnig voru þar Timburiðjan og Steinaverksmiðja Eyjólfssonar í Silfurtúni. En báðir frumkvöðlar Eyjólfur Jónsson (Steinar J. Lúðvíksson 2015a, 151-161) og síðar meir Jón Sveinsson í Stálvík voru í sveitarstjórn (Steinar J. Lúðvíksson 2015a, 155). Á þessu fyrsta eiginlega kjörtímabili þar sem flokkastjórnsmál réðu ríkjum var þó óvenju lítið um átök eða flokkadrætti. Hreppsnefnd stóð saman í þeirri miklu uppbyggingu sem fyrir höndum var.

Í aðdraganda kosninga 1970 voru þessi mál enn á dagskrá. Hreppurinn hafði þróast talsvert og enn var mikill vöxtur í framkvæmdum. Hreppurinn var orðinn einn af þeim fjölmennustu á landinu og kröfur farnar að heyrast um aukna þjónustu. Þarna voru línur farnar að skýrast og flokkarnir orðnir frekar vissir með sitt bakland. Sjálfstæðisflokkur tefldi fram lista sem samanstóð af vel þekktum einstaklingum innan hreppsins, en þar mátti nefna oddvitann sem var Ólafur G. Einarsson sveitarstjóri, sem prýddi listann ásamt þeim Einari Halldórssyni fyrrum oddvita, Guðrúnu Erlendsdóttur hæstaréttarlögmanni, Dr. Gunnari Sigurðssyni verkfræðingi, Jónasi Hallgrímssyni lækni, Sveini Ólafssyni sveitarstjórnarfulltrúa, Jóni Sveinssyni forstjóra.

Framsóknarflokkur tefldi fram lista sem samanstóð af Steingrími Hermannssyni framkvæmdastjóra, sem prýddi listann ásamt Jóhanni Níelssyni hæstaréttarlögmanni, Gunnsteini Karlssyni deildarstjóra og Ólafi Vilhjálmssyni bifreiðastjóra. Alþýðuflokkur bauð fram Braga Erlendsson verkfræðing, Hilmar Hallvarðsson verkstjóra, Jón Eggert Ísdal skipasmið og Guðjón Guðmundsson rafvélavirkja, svo nokkrir séu nefndir. Alþýðubandalag tefldi Hallgrími Sæmundssyni kennara, Björk Helgadóttur húsmóður, Sigurbirni Árnasyni stýrimanni og Þorgeiri Árnasyni trésmið, meðal annarra.

Í þessum kosningum fór D-listi Sjálfstæðisflokks með algjöran sigur af hólmi. Hann hlaut 57,74% atkvæðanna og fékk þrjá menn kjörna í hreppsnefnd, B-listi Framsóknarflokks hlaut þá 15,47% atkvæðanna og fékk einn mann kjörinn í hreppsnefnd, Alþýðuflokkur hlaut 14,94% atkvæða og fékk því einn mann kjörinn, en Alþýðubandalagið með 11,85% atkvæða náði ekki manni inn í hreppsnefnd (Kosningasaga Garðahreppur 1970). Þarna voru saman komnir þeir Steingrímur Hermannsson, sem seinna átti eftir að verða formaður Framsóknarflokksins og forsætisráherra, og Ólafur G. Einarsson sem seinna átti eftir að verða ráðherra og forseti Alþingis, en því má segja að þeir hafi þarna verið að slíta barnsskónum í stjórnámum (Steinar J. Lúðvíksson 2015b, 153).

Í kosningabaráttunni voru helstu átökin á milli Alþýðubandalags og Sjálfstæðisflokks, en þar í forsvari voru þeir Hallgrímur Sæmundsson kennari annars vegar og Ólafur G. Einarsson sveitarstjóri hins vegar. Komu þeir fram á líflegum fundi og sóttu hart að hvor öðrum en engu að síður slógu þeir á léttu strengi öðru hvoru og því var umræðan á fundum hreppsnefndar að mestu leyti á léttum nótum (Steinar J. Lúðvíksson 2015b, 153).

Árið 1974 var farið að ræða um það hvort sækja skyldi um kaupstaðarréttindi eða ekki. Fyrir Alþingi lá frumvarp um að fimm hreppum yrðu veitt kaupstaðarréttindi. Hreppsnefndarmenn töldu þó á þeim tíma að ekki væri ástæða að svo stöddu að leita eftir þessu réttindum. Þó á árinu 1975 vaknaði umræðan aftur. Ástæðan var sú að Garðahreppi var nú samkvæmt lögum gert að greiða í sýslu og sýsluvegasjóð Kjósarsýslu, þar sem hlutur hreppsins var orðinn um 64% af öllum tekjum sjóðsins. Hreppurinn var þó utan þessa sýsluvegakerfis og sýslusjóður snerti ekki Garðahrepp að neinu marki, en því má segja að hreppurinn hafi lítið sem ekkert hlotið fyrir himinháar greiðslur sínar í sjóðinn.

Það var þá samþykkt samhljóða á fundi hreppsnefndar að sækjast eftir því að fá þau réttindi sem fylgir þeirri stærð sveitafélagsins, en íbúar voru á þeim tíma yfir 4.000 talsins.


Svo vel vildi til að oddviti hreppsins Ólafur G. Einarsson sat á Alþingi á þessum tíma og stóð ekki á viðbrögðum við bóninni. Ólafur, ásamt þeim Jóni Skaftasyni, Gylfa Þ. Gíslasyni og Matthíasi Á. Mathiesen, lögðu fram frumvarp til laga um kaupstaðarréttindi til handa Garðahreppi og var það samþykkt sem lög frá Alþingi þann 12. desember árið 1975. Lögin öðluðust svo gildi þann 1. janúar árið 1976. Samkvæmt bráðabirgðarákvæði í lögnum skyldu kosningar ekki fara fram síðar en síðasta sunnudag í maí árið 1978. Var fyrsti bæjarstjórnarfundur Garðabæjar haldinn á skrifstofu bæjarins þann 6. janúar árið 1976 (Steinar J. Lúðvíksson 2015b, 154-155).

Fyrstu kosningar til bæjarstjórnar Garðabæjar eftir að kaupstaðarréttindum var náð, þar sem ákveðið var að fjölga fulltrúum úr fimm í sjö, voru haldnar laugardaginn 27. maí árið 1978. Þarna voru fjórir flokkar í framboði. A-listi Alþýðuflokks með Örn Eiðsson fulltrúa í oddvitasæti, Hilmar Hallvarðsson verkstjóra í öðru sæti og Hauk Helgason í þriðja sæti. B-listi Framsóknarflokks með Einar Geir Þorsteinsson sem oddvita, Svövu P. Bernhöft í öðru sæti og Stefán Vilhelmsson flugvélstjóra í þriðja sæti. D-listi Sjálfstæðisflokks tefldi fram Garðari Sigurgeirssyni bæjarstjóra í oddvitasætið, Jóni Sveinssyni forstjóra í annað sæti, Markúsi Sveinssyni framkvæmdastjóra í það þriðja og Sigurði Sigurjónssyni lögfræðingi í fjórða sæti listans. G-listi Alþýðubandalags bauð fram í oddvitasæti Hilmar Ingólfsson kennara og Albínu Thordarson arkitekt í annað sæti.

Í þessum kosningum þótti um nokkuð óvænt úrslit að ræða þrátt fyrir að Sjálfstæðisflokkur héldi meirihluta, en þó aðeins með 47,38% atkvæða og vantaði Albínu Thordarson (G) aðeins 43 atkvæði til að komast inn sem annar maður Alþýðubandalags. En skipting atkvæða varð með þeim hætti að A-listi Alþýðuflokks hlaut 292 atkvæði eða 14,88% atkvæðanna og einn fulltrúa, B-listi Framsóknarflokks hlaut þá 318 atkvæði eða 16,2% atkvæðanna og einn mann kjörinn, G-listi Alþýðubandalags hlaut 423 atkvæði eða 21,55% atkvæðanna og einn fulltrúa, D-listi Sjálfstæðisflokks hlaut 930 atkvæði eða 47,38% atkvæðanna og fékk því 4 menn kjörna (Kosningasaga Garðabær 1978). Raunar má nefna að Sjálfstæðisflokkurinn hafi barist í bökkum þetta árið, þar sem flokknum gekk einstaklega illa sveitarstjórnarkosningarnar árið 1978, en stjórnarmeirihluti flokksins í Reykjavíkurborg hraktist einnig frá völdum.

Kosningar til sveitarstjórnar Garðabæjar frá árabílinu 1966 til 1978 má birta með eftirfarandi hætti:

Mynd 1. Kjörnir fulltrúar sveitarstjórnar Garðabæjar 1966-1978



4.1.2 Kosningar 1982, 1986, 1990 og 1994

Í kosningum árið 1982 vann Sjálfstæðisflokkur afgerandi sigur með 60,47% atkvæða og hélt meirihluta sínum í bæjarstjórn, á meðan Framsóknarflokkur hlaut 12,93% atkvæða, Alþýðuflokkur hlaut 11,43% atkvæða og Alþýðubandalag hlaut 15,17% atkvæða. Talsverðar breytingar urðu á bæjarstjórn þar sem helmingur kjörinna fulltrúa var að koma inn í fyrsta skipti. Kjörnir bæjarfulltrúar voru Sigurður Sigurjónsson (D), Árni Ólafur Lárusson (D), Lilja Hallgrímsdóttir (D), Hilmar Ingólfsson (G), Agnar Friðriksson (D), Einar Geir Þorsteinsson (B) og Dröfn Farestveit (D), en þarna munaði aðeins 18 atkvæðum á að fyrsti maður Alþýðuflokks, Örn Eiðsson, kæmist inn, en hann hafði setið í bæjarstjórn á kjörtímabilinu 1978-82 en náði ekki kosningu árið 1974 þegar það munaði aðeins 37 atkvæðum á að Alþýðuflokkur næði inn manni (Kosningasaga Garðabæjar 1982). Helsta kosningamálið árið 1982 var myndun miðbæjarkjarna og áframhaldandi skipulag nýrra hverfa í bænum.

Fjórir flokkar náðu inn fulltrúa í kosningunum árið 1986. Alþýðuflokkur náði þá vopnum sínum aftur og fulltrúi þeirra, Helga Kristín Möller, var kjörin í bæjarstjórn. Í oddvitasæti Sjálfstæðisflokks var Agnar Friðriksson, en flokkurinn náði inn fjórum fulltrúum samtals og tapaði þar einum frá fyrra kjörtímabili. Aðrir bæjarfulltrúar sem náðu kjöri voru þau Lilja Hallgrímsdóttir (D), Benedikt Sveinsson (D), Hilmar Ingólfsson (G) og Einar Geir Þorsteinsson (B). Flokkur Mannsins bauð þarna fram í fyrsta skipti en náði ekki inn manni, en þeirra oddviti var Ragnar Sverrisson vélvirki. Erling Ágeirsson næsti maður

inn fyrir Sjálfstæðisflokk var eingöngu 36 atkvæðum frá því að ná kjöri (Kosningasaga Garðabær 1986).

Þessar kosningar náði Sjálfstæðisflokkur 1.725 atkvæðum og hlaut því 52,95% atkvæða, Framsóknarflokkur hlaut 352 atkvæði eða 10,80% atkvæðanna, Alþýðuflokkur hlaut 564 atkvæði eða 17,31% atkvæðanna, Alþýðubandalagið hlaut 562 atkvæði eða 17,25% atkvæðanna, og Flokkur Mannsins hlaut eingöngu 55 atkvæði eða 1,69% greiddra atkvæða. Samtals voru 3.349 atkvæði greidd þetta árið, en kjörsókn var um 81%.

Í kosningum árið 1990 buðu fram saman Alþýðubandalag, Framsóknarflokkur, Kvinnalisti og fleiri saman undir listabókstafnum (E) en þessi aðferð minnihlutaflokka að komast sameinaðir að kjötkötlunum virtist mögulegur og voru því aðeins þrjár listar í boði fyrir kjósendur þetta árið. Alþýðubandalag og Framsókn höfðu fengið sinn bæjarfulltrúa hvor kjörinn 1986 og til viðbótar var kominn þeim til halds og trausts Kvinnalistinn sem stofnaður var 13. mars árið 1983 og hafði fengið góðan meðbyr (Kvinnalistinn Stofnfundur Kvinnalista 13. mars 1983).


Þetta skilaði þó ekki tilætluðum árangri og var niðurstaða kosninga sú að Sjálfstæðisflokkur hlaut 67,29% atkvæða og fimm fulltrúa kjörna, á meðan Alþýðuflokkur hlaut 12,38% atkvæðanna og fékk því einn mann kjörinn, en sameiginlegt framboð Alþýðubandalags, Kvinnalista og Framsóknarflokks hlaut 20,33% atkvæðanna og fékk eingöngu einn fulltrúa, en talsvert vantaði upp á til að annar maður þessa sameiginlega framboðs, Hilmar Ingólfsson úr Alþýðubandalagi, kæmist inn, en þar munaði 168 atkvæðum (Kosningasaga Garðabær 1990). Samtals voru greidd 3.871 atkvæði þetta árið, þar sem kjörsókn var 80,65%.

Í kosningum 1994 var gamli fjórflokkurinn svonefndi kominn aftur og fram buðu Alþýðuflokkur, Alþýðubandalag, Framsóknarflokkur og Sjálfstæðisflokkur í sitt hvoru lagi. Um var að ræða breytt landslag eftir kosningar þar sem allir flokkar náðu inn fulltrúa. Oddviti Sjálfstæðisflokks var Benedikt Sveinsson, en Sjálfstæðisflokkur fékk þá 53,87% atkvæða og fjóra menn kjörna, en glötuðu einum fulltrúa frá fyrri kosningum. Alþýðubandalagið hlaut 17,83% atkvæða og fékk einn mann kjörinn, en sá var Hilmar Ingólfsson, sem náði ekki kjöri árið 1990 í tilraun minni flokkanna til að styrkja sig með sameiginlegur framboði. Framsóknarflokkur hlaut 16,66% atkvæða og fékk því einn mann kjörinn í bæjarstjórn, Einar Sveinbjörnsson veðurfræðing. Alþýðuflokkur hlaut 11,64%

atkvæðanna og fékk einn mann í bæjarstjórn, en það var Gizur Gottskálksson læknir (Kosningasaga Garðabær 1994).

Kosningar til sveitarstjórnar Garðabæjar frá árabílinu 1982 til 1994 má birta með eftirfarandi hætti:

Mynd 2. Kjörnir fulltrúar sveitarstjórnar Garðabæjar 1982-1994



4.1.3 Kosningar 1998, 2002, 2006 og 2010

Landslagið í framboði til bæjarstjórnar breyttist þegar Garðabæjarlistinn, sameiginlegt framboð Alþýðuflokks og Alþýðubandalags, kom fram sem mótvægi við yfirburði Sjálfstæðisflokks og gerði atögu að hefðinni um meirihluta sem virtist vera náttúruleg mál í bæjarmálunum allt frá því kosningar hófust til bæjarstjórnar í sveitarfélaginu. Þeir Hilmar Ingólfsson og Gizur Gottskálksson fulltrúar Garðabæjarlistans sögðu Sjálfstæðisflokkinn enga framtíðarsýn hafa fyrr en mánuði fyrir kosningar en þá dreifðu þeir sælgæti yfir bæinn og að klæðnaður þeirra minni helst á sögu H.C. Andersen um nýju fót keisarans og að þeir ætli að semja við Páfagarð um hjúkrunarheimili í nunnuklaustri (Morgunblaðið 1998).

En þeim varð ekki kápan úr því klæðinu. Sjálfstæðisflokkur með Ingimund Sigurpálsson bæjarstjóra sem oddvita hlaut 58,79% atkvæða og hlaut fjóra menn kjörna, en Ingimundur hafði verið ráðinn bæjarstjóri Garðabæjar árið 1987 og hafði áður gegnt stöðu bæjarstjóra Akraneskaupstaðar. Hann var endurráðinn einróma eftir kosningarnar árið 1994 (Steinar J. Lúðvíksson 2015b, 339). Garðabæjarlistinn hlaut 25,05% atkvæðanna

og fékk því 2 fulltrúa kjörna, eða þau Sigurð Björgvinsson og Lovísu Einarsdóttur, en Framsóknarflokkur hlaut 16,6% atkvæðanna og einn fulltrúa kjörinn, en sá var Einar Sveinbjörnsson (Kosningasaga Garðabæ 1998).

Ásdís Halla Bragadóttir var ráðin bæjarstjóri árið 2000 þegar Ingimundur Sigurpálsson hafði verið ráðinn forstjóri Eimskips og skipaði hún fyrsta sæti Sjálfstæðisflokks fyrir kosningarnar árið 2002. Í þessum kosningum voru alls þrjú flokkar í framboði til sveitarstjórnar. Fyrst ber að nefna Garðabæjarlistann sem bauð fram með sama listabókstaf og áður, eða sem G-listinn í Garðabæ. Þá bauð B-listi Framsóknarflokksins fram í sameiginlegu átaki með óháðum í Garðabæ, en ástæðan fyrir þessu sameiginlegu framboði Framsóknarmanna og óháðra var sú að mikil óánægja hafði ríkt í garð Sjálfstæðisflokksins og ekki síst úr röðum flokksins, þar sem þó nokkrir töldu sig ekki eiga samleið með flokknum lengur, en þær töldu sig heldur ekki eiga samleið með öðrum flokkum og nefndu sig því óháða. Einar Sveinbjörnsson, bæjarfulltrúi og oddviti Framsóknarflokksins, sem leiddi listann, viðurkenndi sjálfur að ástæða þess að þetta sameiginlega framboð byði fram væri að stórum hluta vegna þess klofnings sem hafði myndast í Sjálfstæðisflokknum í aðdraganda kosninga (Morgunblaðið 2002).

Þess má geta að óháðir fengu þrjú sæti á þessum sameiginlega lista og náðu þannig bæjarfulltrúanum Sigurlaugu Garðarsdóttur inn, en hún var í öðru sæti á lista Framsóknarflokks og óháðra, en hún kom svo inn í sveitarstjórn sem sjöundi fulltrúi sveitarstjórnar. Að sjálfsgöðu bauð Sjálfstæðisflokkur fram sinn lista og reyndi að hrista af sér allar deilur og átök sem höfðu átt sér stað innan flokksins í sveitarfélaginu. Klofningurinn hafði ekki meiri áhrif en þau að listi Sjálfstæðisflokksins hlaut 54,2% greiddra atkvæða og hlaut þar 4 menn kjörna í bæjarstjórn, Garðabæjarlistinn hlaut þá 19,16% atkvæðanna og náði einum manni í bæjarstjórn, Sigurð Björgvinsson. Listi Framsóknarflokks og óháðra hlaut 26,64% atkvæða og tvo menn kjörna, en segja má að þar hafi meðal annars gott gengi og persónufylgi Einars Sveinbjörnssonar brotið blað í sögunni þar sem Framsókn hafði ekki fengið jafn gott gengi áður í kosningum, auk þess sem sameiginlegt framboð með óháðum virðist hafa styrkt stöðu flokksins (Kosningasaga Garðabæ 2002).

Í sveitarstjórnakosningum árið 2006 voru aðeins tveir flokkar í framboði. Þessir flokkar voru D-listi Sjálfstæðisflokksins og A-listi Bæjarlistans (Kosningasaga Garðabæ

2006). Síðarnefnda framboðið, A-listi Bæjarlistans, var sameiginlegt framboð allra minni flokkanna í bænum og var litið svo á að sameinaðir flokkar ættu möguleika á að velta Sjálfstæðisflokki með sameiginlegu átaki. Framboðið samanstóð af framboði Samfylkingar og framboði Framsóknarflokks og óháðra, en oddviti framboðsins var Steinþór Einarsson (Fréttablaðið 2006). Skipulag miðbæjar var ofarlega á blaði í kosningabaráttunni en mönnum hafði fundist klúður í uppbyggingu þess miðbæjar sem fyrir var, en til viðbótar lagði Bæjarlistinn líka áherslu á fjölskyldumál og lofaði lægri álögum á barnafólk (Ómar Friðriksson 2006).

Sameinað framboð flokkanna hlaut 37,60% atkvæða og fékk þrjá menn kjörna í bæjarstjórn, en Sjálfstæðisflokkur hlaut 62,40% atkvæðanna og fjóra menn kjörna. Ásdís Halla Bragadóttir lét af störfum sem bæjarstjóri árið 2005 og vék af lista Sjálfstæðisflokks (Steinar J. Lúðvíksson 2015b, 339) en Erling Ásgeirsson var þá oddviti Sjálfstæðisflokksins. Oddviti Bæjarlistans, Steinþór Einarsson, þótti býsna ánægður með gengi listans í kosningunum og sagði að framboðið væri nýtt og tíma tæki að kynna það, sem átti að skýra hvers vegna Sjálfstæðisflokknum hafi ekki verið komið frá völdum með kosningunum (Morgunblaðið 2006).

Fjögur framboð stóðu kjósendum til boða í kosningunum árið 2010. Þau framboð voru B-listi Framsóknarflokks, D-listi Sjálfstæðisflokks, M-listi Fólksins í bænum, og S-listi Samfylkingar. Gunnar Einarsson bæjarstjóri frá 2005 var bæjarstjóraefni Sjálfstæðisflokks í kosningunum en sat þó ekki á lista flokksins (Steinar J. Lúðvíksson 2015b, 339). Oddviti flokksins var Áslaug Hulda Jónsdóttir kennari sem starfaði einnig sem framkvæmdastjóri Hjallastefnunnar (Sjálfstæðisfélag Garðabæjar 2018). Ragný Þóra Guðjohnsen skipaði oddvitasæti nýja framboðsins, M-lista Fólksins í bænum, en hún var lögfræðingur og stundakennari við HÍ og Steinþór Einarsson skrifstofustjóri fór fyrir lista Samfylkingar (Háskóli Íslands Ragný Þóra Guðjohnsen). Í kosningunum tefldi Framsóknarflokkurinn þó nýjum oddvita, eða Sverri Birni Björnssyni, en Einar Sveinbjörnsson, sem áður hafði skipað oddvitasætið, skipaði ellefta sætið fyrir kosningarnar árið 2010.


Úrslit kosninganna urðu á þá leið að Sjálfstæðisflokkur hlaut 63,47% atkvæða og hlaut þannig fimm menn kjörna, en M-listi Fólksins í bænum hlaut 15,9% atkvæða og fékk einn mann kjörinn. Samfylking hlaut þá 15,25% atkvæða og einn mann í bæjarstjórn. Framsóknarflokkur hlaut aðeins 5,39% atkvæða og náði ekki inn manni (Kosningasaga

Garðabær 2010). Sjálfstæðisflokkurinn hélt þannig meirihluta sínum í sveitarstjórn, líkt og hann hafði gert svo margar kosningar áður. Á kjörtímabilinu, eða árið 2013, varð úr sameiningu Garðabæjar og Álftaness í kjölfar atkvæðagreiðslu um sameiningu, en fjárhagsstaða Álftarnes hafði verið mjög slæm frá efnahagshruni og var enn mjög bágborin (Ríkisendurskoðun 2010, 13) og segja má að þetta úrræði hafi verið þvingað fram af stjórnvöldum, en nauðsynlegt var að koma fjármálum í lag og fékk sveitarfélagið styrk, eða svonefnda meðgjöf, vegna sameiningar úr Jöfnunarsjóði sveitarfélagana (Ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 2012).

Sameiningin gekk í gegn þann 1. janúar 2013 með undirritun og staðfestingu Ögmundar Jónassonar, sem þá var innanríkisráðherra í ríkisstjórn Samfylkingar og Vinstri grænna (Viðskiptablaðið 2012). Sveitarstjórn Álftaness, sem samanstóð af sjö bæjarfulltrúum frá fjórum mismunandi flokkum, var starfrækt áfram sem hverfastjórn til ársins 2014 þann 14. júní, eða fram að næstu sveitarstjórnarkosningum í Garðabæ (Kosningasaga Sveitarfélagið Álftanes 2010).

Kosningar til sveitarstjórnar Garðabæjar frá árabílinu 1998 til 2010 má birta með eftirfarandi hætti:

Mynd 3. Kjörnir fulltrúar sveitarstjórnar Garðabæjar 1998-2010



4.1.4 Kosningar 2014 og 2018

Í framboði til sveitarstjórnarkosninga þetta árið voru fimm flokkar, en það voru B-listi Framsóknarflokksins, D-listi Sjálfstæðisflokksins, M-listi Fólksins í bænum, S-listi

Samfylkingar og óháðra og Æ-listi nýs framboðs, Bjartrar framtíðar. Í þetta sinn buðu óháðir fram með Samfylkingu, en það skýrist helst að því að í fyrri kosningum var Samfylkingin í ríkisstjórn það árið, á meðan Framsóknarflokkurinn var í ríkisstjórn árið 2014, en óháðir áttu auðveldara með að samsama sig stjórnarandstöðu. Á kjörtímabili árabilsins 2010 til 2014 sameinuðust sveitarfélögin Álftanes og Garðabær, eins og kom fram í kaflanum hér að ofan, en í kjölfar sameiningarinnar við Álftarnes var bæjarfulltrúum fjölgað úr sjö í ellefu og gerðist það í fyrsta skipti að konur skipuðu meirihluta bæjarstjórnar eftir kosningar, en sex konur náðu kjöri í kosningunum. Í framboði til sveitarstjórnar þetta árið voru fimm flokkar (mbl.is 2013).

Forystusæti Sjálfstæðisflokks skipaði Áslaug Hulda Jónsdóttir, líkt og hún hafði áður gert, en flokkurinn hlaut 58,82% atkvæða og fékk sjö fulltrúa kjörna í bæjarstjórn. Nýtt framboð Bjartrar framtíðar með Guðrúnu Elínu Herbertsdóttur í oddvitasæti hlaut 14,79% atkvæða og fékk tvo fulltrúa kjörna. Samfylking með Steinþór Einarsson í fyrsta sæti fékk 9,91% atkvæða og einn fulltrúa. Fólkið í bænum með Maríu Grétarsdóttur í forystu hlaut 9,87% atkvæða og einn fulltrúa kjörinn. Framsóknarflokkur náði ekki inn manni en hann fékk aðeins 6,61% atkvæðanna (Kosningasaga Garðabær 2014).


Í sveitarstjórnarkosningunum árið 2018 voru fjórir flokkar í framboði, en það voru B-listi Framsóknarflokksins, D-listi Sjálfstæðisflokksins, G-listi Garðabæjarlistans, og M-listi Miðflokks, nýi flokkurinn sem fyrrum Framsóknarmenn höfðu stofnað, þar á meðal fyrrum forsætisráðherra og formaður Framsóknarflokksins, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson. Þegar Framsóknarflokkur klofnaði og úr varð nýtt framboð Miðflokksins, þá skiptu þeir atkvæðum á milli sín og fyrir vikið náðu aðeins tveir flokkar inn mönnum, en það voru Sjálfstæðisflokkur og Garðabæjarlistinn. Síðarnefnda framboðið, Garðabæjarlistinn, hlaut þá 28,13% atkvæðanna og fékk þrjá fulltrúa kjörna í bæjarstjórn. Garðabæjarlistinn var sameiginlegt framboð Samfylkingar, Vinstrihreyfingar græns framboðs, Viðreisnar, Bjartrar framtíðar, Pírata og óháðra. Leiðtogasæti listans skipaði Sara Dögg Svanhildardóttir úr Viðreisn.

Áslaug Hulda Jónsdóttir skipaði þá fyrsta sæti Sjálfstæðisflokks og fékk flokkurinn 62,01% atkvæða og átta menn kjörna, en flokkurinn hafði þá bætt við sig fulltrúa frá fyrri kosningum (Kosningasaga Garðabær 2018). Aðrir flokkar, Framsóknarflokkur og Miðflokkur, hlutu eingöngu 3,07% og 6,79% atkvæðanna þar sem klofningsframboð

Miðflokksins náði tvöfalt betri árangri en Framsóknarflokkurinn, en Miðflokkinn vantaði eingöngu 73 atkvæði til að ná kjörnum fulltrúa í sveitarstjórn Garðabæjar.

Kosningar til sveitarstjórnar Garðabæjar 2014 og 2018 má birta með eftirfarandi hætti:

Mynd 4. Kjörnir fulltrúar sveitarstjórnar Garðabæjar 2014-2018



4.1.5 Niðurstöður

Sjá má á yfirferð þessari að meirihluti Sjálfstæðisflokks hefur staðið óhaggaður frá upphafi kosninga í bænum. Það kann líklegast að virðast sem náttúrulegt í huga sumra kjósenda að flokkurinn haldi velli og haldi sínum meirihluta, en þá má velta því fyrir sér hvort flokkurinn hafi verið svo lengi að kjósendur fælist frá því að skipta um meirihluta og kjósa því síður önnur framboð. Hér virðist vísun í valþröng fangans eiga við, þar sem niðurstöður sveitarstjórnarkosninga í Garðabæ virðast benda til þess að kjósendur þar séu fremur áhættufælnir og kjósa fremur ráðandi meirihluta Sjálfstæðisflokksins, en ekki framboð minni flokkanna, þó að þau sameini sig og reyni í krafti fjöldans að koma Sjálfstæðisflokki frá völdum. Ein skýring þar er sú að með sameiningu minni framboðanna eru ný framboð stofnuð um leið, það er nýtt sameinað framboð, sem kann að fæla ákveðna kjósendur frá.

Aftur á móti er ljóst að minni framboðin hegða sér með sama hætti og túlkun höfundar á skynsemiskenningu spáði á einhvern hátt fyrir um, þar sem átt er við að þau reyni að hámarka ávinning með samstarfi. Það virðist gegnumgangandi í kosningum til

sveitarstjórnar í Garðabæ, einkum í síðari tíð, að þar líti dagsins ljós sameiginlegt átak minni framboðanna. Einnig ber hér að nefna hvernig fari fyrir flokkum sem sundrast og þurfa að kljást við klofningsframboð í aðdraganda kosninga, líkt og kosningarnar árið 2018 sýna, en þá náðu hvorki Framsóknarflokkur né Miðflokkur fulltrúa. Það getur verið til marks um mikilvægi þess að minni framboðin eigi fremur að starfa saman til að ná árangri, en ljóst er að þröskuldur sem reikniregla sveitarstjórnarkosninganna skapar virðist minni framboðum ansi erfiður og þá þykir nokkuð líklegt að þröskuldurinn verði til þess að allra minnstu framboðin nái ekki einu sinni einum fulltrúa.

Í næsta kafla mun höfundar skoða nánar hvernig þessi umrædda, sem og umdeilda, reikniregla kann að hafa gert minni flokkum erfiðari fyrir í því skyni að fá kjörna fulltrúa. Til þess mun höfundur endurreikna niðurstöður kosninga og útlista hverjar niðurstöðurnar hefðu orðið ef annarri reiknireglu hefði verið beitt. Í kjölfarið tekur svo við samantekt og umræða ritgerðar.

4.2 Samanburður á ólíkum útreikningum reiknireglna

Í þessum hluta ritgerðar ætlar höfundur að fjalla um niðurstöður sveitarstjórnarkosninga í Garðabæ samkvæmt D'Hondt reiknireglunni og bera þær saman við þær niðurstöður sem hefðu orðið ef annarri reiknireglu hefði verið beitt, eða nánar tiltekið ef Sainte-Laguë hefði verið beitt til að reikna niðurstöður kosninga og úthluta sætum sveitarstjórnar. Umfjöllun hefst á samanburði niðurstaða kosninga árið 1966 og í kjölfarið verða allar kosningarnar sem á eftir komu teknar fyrir í samanburði.

Árið 1966 hlaut Sjálfstæðisflokkurinn 48,9% atkvæða og hlaut þannig þrjá menn kjörna í hreppsnefnd Garðabæjar. Með því að endurreikna niðurstöður kosninga með því að beita Sainte-Laguë reiknireglunni koma þær niðurstöður í ljós að Sjálfstæðisflokkurinn hefði hlotið tvo menn kjörna á grundvelli sinna atkvæða. Framsóknarflokkurinn hlaut 19,1% atkvæða og einn mann, en þeir hefðu sömuleiðis bara hlotið einn mann þó Sainte-Laguë reiknireglu hefði verið beitt. Hið sama má segja um Alþýðuflokkinn með 16,2% atkvæðanna sem hefðu hlotið einn fulltrúa, þó að Sainte-Laguë aðferðinni hefði verið beitt. Aftur á móti hefði Alþýðubandalagið með 12,66% atkvæða hlotið fulltrúa ef Sainte-Laguë hefði verið beitt, en D'Hondt aðferðin gerði það að verkum að flokkurinn náði ekki inn manni, einkum vegna þess hve þröskuldur reglunnar virðist minni flokkum erfiður.

Tafla 1. Úrslit sveitarstjórnarkosninganna 1966 samkvæmt Sainte-Laguë og D'Hondt

1966	Sjálfstæðisfl.	Framsóknarf.	Alþýðuf.	Alþýðuband.
Sainte-Laguë	2	1	1	1
D'Hondt	3	1	1	0

Árið 1970 hlaut Sjálfstæðisflokkurinn 57,75% og fékk því þrjá fulltrúa kjörna í hreppsnefnd. Framsóknarflokkurinn hlaut einn mann með 15,74% atkvæðanna, Alþýðuflokkurinn hlaut 14,94% atkvæða og fékk einn fulltrúa, en Alþýðubandalagið náði ekki inn manni þrátt fyrir að hafa 11,85% atkvæða. Samkvæmt útreikningum hefði það engu máli skipt þó annarri reiknireglu hefði verið beitt. Það þykir áhugavert í ljósi þess að Alþýðubandalagið hefði hlotið einn fulltrúa samkvæmt Sainte-Laguë aðferðinni árið 1966 með 12,66% atkvæða en hlýtur ekki fulltrúa árið 1970 með 11,85% atkvæðanna. Hér gerir nokkuð afgerandi meirihluti Sjálfstæðisflokks það að verkum að hann hefði hlotið meirihluta fulltrúa, þó að annarri reiknireglu hefði verið beitt, sem virðist í fullkomnu samræmi við atkvæðafjölda hans þessar kosningarnar.

Tafla 2. Úrslit sveitarstjórnarkosninganna 1970 samkvæmt Sainte-Laguë og D'Hondt

1970	Sjálfstæðisfl.	Framsóknarf.	Alþýðuf.	Alþýðuband.
Sainte-Laguë	3	1	1	0
D'Hondt	3	1	1	0

Árið 1974 hlaut Sjálfstæðisflokkurinn 62,01% atkvæða og sigrar með afgerandi forystu sinni, en flokkurinn hlaut fjóra kjörna fulltrúa. Alþýðubandalagið hlaut þá 13,79% atkvæða og einn fulltrúa, á meðan Jafnaðarmenn náðu 11,54% atkvæða og náðu ekki manni, en Framsóknarflokkurinn náði heldur ekki manni með 12,66% atkvæðanna. Samkvæmt Sainte-Laguë aðferðinni hefði Sjálfstæðisflokkurinn glatað manni og einungis hlotið þrjá fulltrúa, á meðan Framsóknarflokkurinn hefði bætt við sig fulltrúa á grundvelli sinna atkvæða. Sjálfstæðisflokkurinn hefði þó haldið meirihluta, en hefði verið einum fulltrúa færri ef annarri reiknireglu hefði verið beitt til að úthluta sætum.

Tafla 3. Úrslit sveitarstjórnarkosninganna 1974 samkvæmt Sainte-Laguë og D'Hondt

1974	Sjálfstæðisfl.	Framsóknarfl.	Jafnaðarmenn	Alþýðuband.
Sainte-Laguë	3	1	0	1
D'Hondt	4	0	0	1

Árið 1978 hlaut Sjálfstæðisflokkur 47,38% atkvæða og fjóra fulltrúa, en Alþýðuflokkurinn hlaut einn fulltrúa með 14,88% atkvæða, sem og Framsóknarflokkurinn sem hlaut einn fulltrúa með 16,20% atkvæðanna. Alþýðubandalagið hlaut þá 21,55% atkvæða en hlaut eingöngu einn fulltrúa. Hefði Sainte-Laguë aðferðinni verið beitt, þá hefði Sjálfstæðisflokkurinn ekki hlotið meirihluta úthlutaðra sæta, enda flokkurinn ekki með meirihluta atkvæðanna á bak við sig. Sjálfstæðisflokkurinn hefði sem sagt glatað einum fulltrúa, en Alþýðubandalagið hefði bætt við sig fulltrúa, og þar með verið í stöðu til að ógna Sjálfstæðisflokknum verulega.

Tafla 4. Úrslit sveitarstjórnarkosninganna 1978 samkvæmt Sainte-Laguë og D'Hondt

1978	Sjálfstæðisfl.	Framsóknarfl.	Alþýðufl.	Alþýðuband.
Sainte-Laguë	3	1	1	2
D'Hondt	4	1	1	1

Árið 1982 sigraði Sjálfstæðisflokkurinn með afgerandi hætti og hlaut 60,47% atkvæða, en það skilaði flokknum fimm kjörnum fulltrúum. Alþýðuflokkur hlaut 11,43% atkvæða og náði ekki kjörnum fulltrúa, en Framsóknarflokkur hlaut 12,93% atkvæða og náði fulltrúa, sem Alþýðubandalagið gerði einnig með 15,17% atkvæða. Sjálfstæðisflokkurinn hefði þó glatað einum fulltrúa og Alþýðuflokkurinn hefði fengið fulltrúa ef annarri aðferð hefði verið beitt við úthlutun sæta. Sjálfstæðisflokkurinn hefði enn haldið meirihluta sínum, en sá meirihluti hefði verið enn naumari engu að síður, enda hefðu þá verið þrjár andstöðuflokkar í sveitarstjórn, en ekki tveir eins og raunin varð.

Tafla 5. Úrslit sveitarstjórnarkosninganna 1982 samkvæmt Sainte-Laguë og D'Hondt

1982	Sjálfstæðisfl.	Framsóknarf.	Alþýðuf.	Alþýðuband.
Sainte-Laguë	4	1	1	1
D'Hondt	5	1	0	1

Árið 1986 hlaut Sjálfstæðisflokkur 52,95% atkvæða og fékk fjóra fulltrúa, Alþýðuflokkur hlaut einn fulltrúa með 17,31 atkvæðanna, Alþýðubandalagið hlaut 17,25% atkvæða og einn fulltrúa, á meðan Framsóknarflokkurinn hlaut 10,80% atkvæða og einn fulltrúa. Flokkur mannsins hlaut eingöngu 1,69% atkvæða og náði því ekki fulltrúa í sveitarstjórn. Það hefði engu breytt þó Sainte-Laguë aðferðinni hefði verið beitt.

Tafla 6. Úrslit sveitarstjórnarkosninganna 1986 samkvæmt Sainte-Laguë og D'Hondt

1986	Sjálfstæðisfl.	Framsóknarf.	Alþýðuf.	Alþýðuband.
Sainte-Laguë	4	1	1	1
D'Hondt	4	1	1	1

Árið 1990 hlaut Sjálfstæðisflokkur 67,29% atkvæða og fimm kjörna fulltrúa. Alþýðuflokkur hlaut þá 12,38% atkvæða og einn fulltrúa, en sameiginlegt framboð Alþýðubandalags, Kvinnalista og Framsóknarflokks hlaut 20,33% atkvæða og hlaut einn fulltrúa í sveitarstjórn. Í ljósi afgerandi forystu Sjálfstæðisflokksins hefðu engar breytingar orðið þó Sainte-Laguë aðferðinni hefði verið beitt.

Tafla 7. Úrslit sveitarstjórnarkosninganna 1990 samkvæmt Sainte-Laguë og D'Hondt

1990	Sjálfstæðisfl.	Alþýðuf.	Sameiginlegt fram.
Sainte-Laguë	5	1	1
D'Hondt	5	1	1

Árið 1994 hlaut Sjálfstæðisflokkur 53,87% atkvæða og fjóra fulltrúa, en Alþýðubandalagið hlaut 17,83% atkvæða og einn fulltrúa, Framsóknarflokkurinn hlaut 16,66% atkvæða og einn fulltrúa í bæjarstjórn, og Alþýðuflokkur hlaut 11,64% atkvæða og einn fulltrúa. Í ljósi þess hve atkvæðin dreifðust tiltölulega jafnt á flokka, þó að

Sjálfstæðisflokki undanskildum, þá hefði það engu breytt þó annarri reiknireglu hefði verið beitt. Úthlutun sæta hefði farið fram með sama hætti.

Tafla 8. Úrslit sveitarstjórnarkosninganna 1994 samkvæmt Sainte-Laguë og D'Hondt

1994	Sjálfstæðisfl.	Framsóknarf.	Alþýðuf.	Alþýðuband.
Sainte-Laguë	4	1	1	1
D'Hondt	4	1	1	1

Árið 1998 hlaut Sjálfstæðisflokkurinn 58,79% atkvæða og fjóra fulltrúa, en Garðabæjarlistinn hlaut 25,05% atkvæða og 2 fulltrúa, á meðan Framsóknarflokkur hlaut 16,60% atkvæða og einn fulltrúa. Það hefðu engar breytingar orðið þó annarri reiknireglu hefði verið beitt, líkt og árið 1994. Sjálfstæðisflokkur hefði enn haldið sínum fjölda fulltrúa og hefði enn haldið meirihluta með meirihluta atkvæðanna á bak við sig.

Tafla 9. Úrslit sveitarstjórnarkosninganna 1998 samkvæmt Sainte-Laguë og D'Hondt

1998	Sjálfstæðisfl.	Framsóknarf.	Garðabæjarlistinn
Sainte-Laguë	4	1	2
D'Hondt	4	1	2

Árið 2002 hlaut Sjálfstæðisflokkur 54,20% atkvæða og fjóra fulltrúa. Garðabæjarlistinn hlaut þá 19,16% atkvæða og einn fulltrúa, en framboð Framsóknarflokks og óháðra hlaut 26,64% atkvæða þetta árið og hlaut tvo fulltrúa. Enn og aftur hefðu engar breytingar orðið þó annarri reiknireglu hefði verið beitt, en það skýrist helst af því hve fá framboð bjóða sig fram og af þeirri staðreynd að atkvæðafjöldinn virðist í þó nokkru samræmi við úthlutun sæta.

Tafla 10. Úrslit sveitarstjórnarkosninganna 2002 samkvæmt Sainte-Laguë og D'Hondt

2002	Sjálfstæðisfl.	Framsóknarf.	Garðabæjarlistinn
Sainte-Laguë	4	2	1
D'Hondt	4	2	1

Árið 2006 hlaut Sjálfstæðisflokkurinn 62,40% atkvæðanna og fjóra fulltrúa, en Bæjarlistinn hlaut 37,60% atkvæða og þrjá fulltrúa. Enn og aftur hefði það engu breytt þó Sainte-Laguë aðferðinni hefði verið beitt. Eru hér á ferð sjöttu kosningarnar í röð þar sem engar breytingar hefðu orðið þó reiknireglunni hefði verið beitt í stað þeirrar sem var í raun beitt.

Tafla 11. Úrslit sveitarstjórnarkosninganna 2006 samkvæmt Sainte-Laguë og D'Hondt

2006	Sjálfstæðisfl.	Bæjarlistinn
Sainte-Laguë	4	3
D'Hondt	4	3

Árið 2010 hlaut Sjálfstæðisflokkur 63,47% atkvæða og fimm fulltrúa. Listi Fólksins í bænum hlaut 15,90% atkvæða og einn fulltrúa, en Samfylkingin hlaut 15,25% atkvæða og einn fulltrúa, og Framsóknarflokkurinn hlaut 5,39% og engan fulltrúa. Enn og aftur hefðu engar breytingar orðið þó annarri reiknireglu hefði verið beitt. Raunar þyrfti að fara aftur til kosninga ársins 1982 til að sjá ólíkar niðurstöður reiknireglanna.

Tafla 12. Úrslit sveitarstjórnarkosninganna 2010 samkvæmt Sainte-Laguë og D'Hondt

2010	Sjálfstæðisfl.	Framsóknarfl.	Samfylkingin	Fólkið í bænum
Sainte-Laguë	5	0	1	1
D'Hondt	5	0	1	1

Árið 2014 hlaut Sjálfstæðisflokkur 58,82% atkvæða og sjö fulltrúa, en Samfylkingin hlaut 9,91% atkvæða og einn fulltrúa, á meðan Fólkið í bænum hlaut 9,87% atkvæða og einn fulltrúa sömuleiðis, en Framsóknarflokkur hlaut eingöngu 6,61% atkvæða og náði ekki fulltrúa þetta árið. Þjört framtíð hlaut þá 14,79% atkvæða og tvo fulltrúa. Hefði Sainte-Laguë aðferðinni verið beitt þá hefði Sjálfstæðisflokkurinn glatað einum fulltrúa og Framsóknarflokkurinn hefði fengið sinn eina fulltrúa í staðinn. Þá hefði meirihluti Sjálfstæðisflokks verið enn naumari en ella, þó hann hefði haldið meirihlutanum, en samkvæmt Sainte-Laguë aðferðinni hefði flokkurinn fengið sex fulltrúa og andstöðuflokkarnir hefðu hlotið fimm fulltrúa.

Tafla 13. Úrslit sveitarstjórnarkosninganna 2014 samkvæmt Sainte-Laguë og D'Hondt

2014	Sjálfstæðisfl.	Framsóknarf.	Samfylkingin	Fólk. í bæn.	Björt framt.
Sainte-Lag.	6	1	1	1	1
D'Hondt	7	0	1	1	1

Árið 2018 hlaut Sjálfstæðisflokkurinn átta bæjarfulltrúa af ellefu og hlaut enn og aftur hreinan meirihluta. Hann hafði þá 62,01% atkvæðanna á bak við sig, en hann hafði bætt við sig einum fulltrúa en eingöngu ríflega þremur prósentustigum frá fyrri kosningum. Að öðru leyti hlaut Garðabæjarlistinn 28,13% atkvæða og þrjá fulltrúa, en Miðflokkurinn hlaut 6,79% atkvæða og Framsóknarflokkur hlaut 3,07% atkvæða, en hvorugt framboðið hlaut fulltrúa. Sainte-Laguë aðferðin hefði skilað Miðflokknum fulltrúa á kostnað Sjálfstæðisflokksins, sem hefði fyrir vikið hlotið sjö fulltrúa í stað átta. Flokkurinn hefði því haldið meirihluta sínum, en meirihlutinn hefði verið sjö gegn fimm fulltrúum, en ekki átta gegn fjórum fulltrúum eins og raunin varð.

Tafla 14. Úrslit sveitarstjórnarkosninganna 2018 samkvæmt Sainte-Laguë og D'Hondt

2018	Sjálfstæðisfl.	Framsóknarf.	Garðabæjarlistinn	Miðflokkurinn
Sainte-Laguë	7	0	3	1
D'Hondt	8	0	3	0

Af þessari yfirferð er ljóst að tölverðar breytingar hefðu verið á úthlutun sæta og samsetningu sveitarstjórna í gegnum tíðina ef Sainte-Laguë aðferðinni hefði verið beitt við útreikninga og úthlutun. Sjálfstæðisflokkurinn hefði þó verið eini flokkurinn sem hefði glatað fulltrúum ef aðferðinni hefði verið beitt. Í gegnum tíðina hefði hann glatað fulltrúa alls sex sinnum, eða í kosningum árin 1966, árið 1974, árið 1978, árið 1982, árið 2014 og árið 2018. Alþýðubandalagið hefði bætt við sig fulltrúa tvisvar, eða kosningarnar 1966 og 1978. Framsóknarflokkurinn hefði bætt við sig tvisvar, eða árið 1972 og árið 2014. Alþýðuflokkurinn hefði bætt við sig fulltrúa einu sinni, eða kosningarnar árið 1982. Miðflokkurinn hefði þá bætt við sig einu sinni, eða kosningarnar árið 2018. Eingöngu árið 1978 hefði Sainte-Laguë aðferðin skilað öðrum meirihluta.

5 Samantekt og umræða

Höfundur lagði fyrst upp með að rannsaka hvernig minni framboðin í Garðabæ hefðu í gegnum tíðina skipulagt kosningabaráttur sínar til að reyna að koma ríkjandi meirihluta Sjálfstæðisflokksins frá völdum. Við rannsókn varð ljóst að beita mætti skynsemiskenningunni svonefndu og inntaki hennar til að meta tilraunir flokkanna í fræðilegu samhengi. Til að mynda má beita kenningunni til að skýra hvers vegna þau framboð hafa sameinast í gegnum tíðina og inntak kenningarinnar getur sömuleiðis útskýrt hvers vegna þeir hafa náð árangri, og hvers vegna dreifing þeirra á köflum hafi ekki skilað tilætluðum árangri. Nefna má nýlegt dæmi úr kosningunum ársins 2018 þar sem samkeppni milli Framsóknarflokksins og Miðflokksins gerði það að verkum að hvorugt framboðið náði fulltrúa. Að sama skapi má benda á árangur Bæjarlistans í kosningunum árið 2006.

Að vísu virðist einnig sem svo að kjósendur treysti illa nýjum framboðum og ákveði fremur að greiða eldri framboðum atkvæði sitt. Þetta kann að koma heim og saman við fyrri umfjöllun um það að manneskjan virðist fremur áhættufælin, eða að minnsta kosti ef hægt er að reiða sig á kenninguna um valþröng fangans. Þrátt fyrir að samstarf flokka virðist skila árangri, þá er engu að síður hætta á því að tilraunin falli um sjálfa sig, eins og sjá má á kosningunum ársins 1990 þegar sameiginlegt framboð minni framboða hlaut eingöngu einn fulltrúa, en í kosningunum á undan, eins og kosningum 1978, 1982 og 1986, gekk minni framboðunum talsvert betur í sitt hvoru lagi. Til viðbótar má svo nefna að kosningarnar árið 1994 buðu minni framboðin aftur í sitt hvoru lagi og þá gekk þeim betur en í kosningum 1990. Sameining minni framboðanna virðist fyrst skila sér að viti kosningarnar árið 2006 með tilkomu Bæjarlistans, og síðar árið 2018 með tilkomu Garðabæjarlistans, þó áhrif beggja hafi verið takmörkuð.

Því virðist ekki sem samstarf flokkanna skili sér nema að litlu leyti, og þegar áhættufælni kjósenda og tryggð við ríkjandi meirihluta Sjálfstæðisflokksins bætist við í myndina, þá eru jákvæð áhrif sameiningar lítil sem engin. Að öðru leyti virðist skekkja og ónákvæmni í útreikningum kosninga og úthlutun sæta skipta meiri máli. Við skoðun kom í ljós að alls sex sinnum frá kosningunum 1966 hefði Sjálfstæðisflokkurinn hagnast á því fyrirkomulagi sem einkennist af beitingu D'Hondt reglunnar, á meðan Framsóknarflokkur, Alþýðubandalag, Alþýðuflokkur og Miðflokkur hafa allir glatað mögulegum fulltrúa.

Þau áhrif hafa því verið þó nokkur en einungis einu sinni hafa þau orðið til þess að meirihluti Sjálfstæðismanna hefði ekki haldið velli, en það var þegar Alþýðubandalagið varð af öðrum fulltrúa sínum árið 1978. Það má velta því fyrir sér hvernig landslag stjórnmalanna hefði þróast ef minni framboðin hefðu komist til valda það árið. Til að mynda mætti hugsa sér hvort kjósendur í Garðabæ hefðu verið jákvæðari í garð minni framboða ef þeir hefðu reynt af sveitarstjórnarmeirihluta minni framboðanna, en allt eins hefðu þeir getað orðið neikvæðari, svo hér eru eingöngu getgátur og óskýrar vangaveltur höfundar á ferð, sem þó eru á sinn hátt forvitnilegar.

Niðurstaða ritgerðarinnar og rannsóknar hennar er sú að minni framboðin hafa lítið hagnast á sameiginlegu átaki þeirra gegn ríkjandi meirihluta Sjálfstæðisflokksins, þó tilraunir þeirra hafi verið fyrirsjáanlegar ef marka má inntak skynsemiskenningarinnar. Að sama skapi – og í samræmi við skynsemiskenninguna – má velta því fyrir sér hvort kjósendur í Garðabæ séu fremur áhættufælnir og þess vegna neikvæðari í garð minni framboða en ella. Það kann að skýra hvers vegna sameiginlegt átak og samstarf minni framboðanna hafi skilað takmörkuðum árangri í gegnum tíðina.

Það getur að hluta til skýrt hvers vegna Sjálfstæðisflokkurinn hefur haldið meirihluta sínum í sveitarstjórn áratugum saman. Að öðru leyti má horfa til þess fyrirkomulags og þeirrar reiknireglu sem beitt er þegar úthluta skal sætum sveitarstjórnar. Rannsókn höfundar gaf til kynna að D'Hondt hygji vissulega Sjálfstæðisflokknum og bitni töluvert á minni framboðum, eða alls sex sinnum frá kosningunum 1966, en eingöngu kosningarnar árið 1978 hefði Sjálfstæðisflokkurinn glatað meirihluta sínum ef annarri reiknireglu hefði verið beitt. Ákvörðun um notkun reiknireglu er þó pólitísk í eðli sínu og er það ekki hlutverk höfundar að taka afstöðu til þess hvort réttmætt væri að skoða aðra aðferð við útreikning hlutfallskosninga.

Heimildaskrá

Amdae, S.M. 17. nóvember 2017. „Rational choice theory.“ *Encyclopædia Britannica*.

<https://www.britannica.com/topic/rational-choice-theory>.

Eulau, Heinz, Paul David Webb ofl. 22. janúar 2015. „Election.“ *Encyclopædia Britannica*.

<https://www.britannica.com/topic/election-political-science/Plurality-and-majority-systems#ref416872>.

Fréttablaðið. 5.maí 2006. „Tveggja flokka barátta um völdin.“

<http://www.visir.is/paper/fbl/060505.pdf>

Hallgrímur Sæmundsson. 18. maí 1966. Viðtal. „Í æskulýðs- og skólamálum Garðahrepps

bíða mörg verkefni óleyst.“ *Þjóðviljinn* 31(109): 6-9.

Háskóli Íslands. „Ragný Þóra Guðjohnsen.“ <https://www.hi.is/starfsfolk/ragny>.

Kosningasaga. „Garðabær 1978.“

<https://kosningasaga.wordpress.com/sveitarstjornarkosningar/hofudborgarsvaedid/gardabaer-2/gardabaer-2012/gardabaer-1978/>.

Kosningasaga. „Garðabær 1982.“

<https://kosningasaga.wordpress.com/sveitarstjornarkosningar/hofudborgarsvaedid/gardabaer-2/gardabaer-2012/gardabaer-1982/>

Kosningasaga. „Garðabær 1986.“

<https://kosningasaga.wordpress.com/sveitarstjornarkosningar/hofudborgarsvaedid/gardabaer-2/gardabaer-2012/gardabaer-1986/>.

Kosningasaga. „Garðabær 1990.“

<https://kosningasaga.wordpress.com/sveitarstjornarkosningar/hofudborgarsvaedid/gardabaer-2/gardabaer-2012/gardabaer-1990/>.

Kosningasaga. „Garðabær 1994.“

<https://kosningasaga.wordpress.com/sveitarstjornarkosningar/hofudborgarsvaedid/gardabaer-2/gardabaer-2012/gardabaer-1994/>.

Kosningasaga. „Garðabær 1998.“

<https://kosningasaga.wordpress.com/sveitarstjornarkosningar/hofudborgarsvaedid/gardabaer-2/gardabaer-2012/gardabaer-1998/>.

Kosningasaga. „Garðabær 2002.“

<https://kosningasaga.wordpress.com/sveitarstjornarkosningar/hofudborgarsvaedid/gardabaer-2/gardabaer-2012/gardabaer-2002/>.

Kosningasaga. „Garðabær 2006.“

<https://kosningasaga.wordpress.com/sveitarstjornarkosningar/hofudborgarsvaedid/gardabaer-2/gardabaer-2012/gardabaer-2006/>.

Kosningasaga. „Garðabær 2010.“

<https://kosningasaga.wordpress.com/sveitarstjornarkosningar/hofudborgarsvaedid/gar-dabaer-2/gardabaer-2012/gardabaer/>

Kosningasaga. „Garðabær 2014.“

<https://kosningasaga.wordpress.com/sveitarstjornarkosningar/hofudborgarsvaedid/gar-dabaer-2/gardabaer-2014/>.

Kosningasaga. „Garðabær 2018.“

<https://kosningasaga.wordpress.com/sveitarstjornarkosningar/hofudborgarsvaedid/gar-dabaer-2/gardabaer-2018/>.

Kosningasaga. „Garðahreppur 1966.“

<https://kosningasaga.wordpress.com/sveitarstjornarkosningar/hofudborgarsvaedid/gar-dabaer-2/gardabaer-2012/gardahreppur-1966/>.

Kosningasaga. „Garðahreppur 1979.“

<https://kosningasaga.wordpress.com/sveitarstjornarkosningar/hofudborgarsvaedid/gar-dabaer-2/gardabaer-2012/gardahreppur-1970/>.

Kosningasaga. „Sveitarfélagið Álftanes 2010.“

<https://kosningasaga.wordpress.com/sveitarstjornarkosningar/hofudborgarsvaedid/gar-dabaer-2/sveitarfelagid-alftaner-2012/sveitarfelagid-alftaner/>.

Kvennalistinn. „Stofnfundur Kvennalista 13. mars 1983.“

<http://kvennalistinn.is/stofnfundurkvennalista/>.

Landskjörstjórn. „Úthlutun sæta í almennum kosningum.“

<https://www.landskjoer.is/kosningamal/reiknivalar/nr/77>.

Mankiw, Gregory N. og Taylor, Mark P. *Economics*. South western London 2009.

Mbl.is. 9. september 2013. „Bæjarfulltrúum fjölgað í 11.“

https://www.mbl.is/frettir/innlent/2013/09/09/baejarfulltrum_fjolgad_i_11/.

Morgunblaðið. 23. maí 1998. „Er vígið óvinnandi?“

<https://www.mbl.is/greinasafn/grein/399309/>

Morgunblaðið. 5. apríl 2002. „Framsóknarmenn fá óháða til liðs við sig.“

<https://www.mbl.is/greinasafn/grein/660353/?fbclid=IwAR1X8ld043yjpklcnbT5XlZipSxlNDBKZhjSfLHceSdhCybV0DjOGQrRHY>

Ólafur Þ. Harðarson og Indriði H. Indriðason. 2005. „Hvenær verður minnihluti atkvæða að meirihluta fulltrúa? Tengslin milli atkvæðahlutfalls og stjórnarmeirihluta í skoðanakönnunum og í bæjarstjórnarkosningum 1930-2002“ *Stjórnsmál og stjórnsýsla* 1 (1): 5-26.

Ómar Friðriksson. 5. maí 2006. „Boða lækkun gjalda í Garðabæ á kjörtímabilinu.“

Morgunblaðið.

https://www.mbl.is/frettir/innlent/2006/05/22/boda_laekkun_gjalda_i_gardabae_a_kj_ortimabilinu/.

Randver Kári Randversson. 4. júní 2014. „Telur nauðsynlegt að breyta reikniaðferð við úthlutun sæta í sveitarstjórn.“ *Vísir*. <https://www.visir.is/g/2014140609569>

Ráðgjafnarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. 24. október 2012.

„Fundargerð.“ <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=e2724452-2a76-11e7-940e-005056bc4d74&>.

Rein Taagepera. 2007. „Electoral Systems – Simple and Complex.“ Í *Predicting Party Sizes: The Logic of Simple Electoral Systems*. 23-47. Oxford: Oxford University Press.

Ritstjórn Encyclopaedia Britannica. 18. október 2019. „Prisoner’s dilemma.“ *Encyclopædia Britannica*. <https://www.britannica.com/topic/prisoners-dilemma>.

Ríkisendurskoðun. Júlí 2010. „Athugun á fjárhagsstöðu sveitarfélagsins Álftaness.“ <https://rikisendurskodun.is/wp-content/uploads/2016/01/Alftanes1.pdf>.

Sjálfstæðisfélag Garðabæjar. 19. mars 2018. „1. Sæti: Áslaug Hulda Jónsdóttir.“ <https://gardar.is/1-saeti-aslaug-hulda-jonsdottir/>.

Steinar J. Lúðvíksson. 2015a. *Saga Garðabæjar* 1. bindi. Reykjavík, Bókaútgáfan Opna.

Steinar J. Lúðvíksson. 2015b. *Saga Garðabæjar* 2. bindi. Reykjavík, Bókaútgáfan Opna.

Stjórnarráðið. 22. október 2012. „Sameining Álftaness og Garðabæjar tekur gildi 1. janúar 2013.“ <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2012/10/22/Sameining-Alftaness-og-Gardabaejar-tekur-gildi-1.-januar-2013/>).

Tímarit iðnarmanna 36(2). 1963. „Stálskipasmíðastöð rís við Arnarvog.“ 58-60.

Tíminn. 14. maí 1966. „Vaxandi byggð í Garðahreppi – mörg verkefni bíða úrlausnar.“

Viðskiptablaðið. 30. nóvember 2012. „Bæjarstjórn Álftaness verður hverfastjórn.“

https://www.vb.is/frettir/baejarstjorn-alftaness-verdur-hverfastjorn/78679/?q=%C3%81lftanes&fbclid=IwAR0lyrb5uV_sSWboyvi7TEVT8e4VWoW3Lb--_exONMjriEReHtYSVR1KYys

Porkell Helgason. 2014. „Umbætur á ákvæðum um úthlutun þingsæta.“ *Stjórnsmál og stjórnsýsla*. 10(2): 1-28.